

Fimmtudaginn 4. desember 1997.

Nr. 252/1997.

Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Franklín Kristni Steiner

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Ávana- og fíkniefni. Skotvopn. Upptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun og einnig af hálfu ákærvalds með stefnu 9. júní 1997. Krefst ákærvaldið þess, að héraðsdómur verði staðfestur, hvað varðar sakfellingu ákærða, upptöku og sakarkostnað, en refsing ákærða verði hins vegar þyngd.

Kröfur ákærða varðandi ákæru 22. október 1996 eru þær aðallega, að héraðsdómur verði ómerktur og málinu heimvísað til aðalmeðferðar og dómsuppsögu að nýju, til vara, að ákærði verði sýknaður af sakargiftum samkvæmt II. kafla ákæru og samkvæmt I. kafla hennar, hvað það varðar, að hann hafi ætlað þargreind fíkniefni til sölu í ágóðaskyni, en til þrautavara, að refsing samkvæmt héraðsdómi verði milduð. Þá krefst ákærði þess aðallega, að hann verði sýknaður af þeim sökum, sem hann er borinn í II. og III. kafla ákæru 6. mars 1997, en til vara, að refsing vegna þargreindrar háttsemi verði milduð.

I.

Krafa ákærða um ómerkingu héraðsdóms er reist á því, að samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 1. gr. laga nr. 37/1994, hefði héraðsdómari átt að kveðja tvo aðra héraðsdómara til setu í dómi með sér, því að niðurstaða um sakargiftir samkvæmt II. kafla ákæru 22. október 1996 ráðist með öllu af mati á sönnunargildi munnlegs framburðar fyrir dómi. Um þessa röksemd er til þess að líta, að samkvæmt orðalagi tilvitnaðs lagaákvæðis geymir það heimild til þess, að héraðsdómur verði fjölskip-

aður, þegar niðurstaða máls kann að verulegu leyti að ráðast af mati á sönnunargildi munnlegs framburðar. Í ákvæðinu felst hins vegar ekki skylda til þess. Getur ómerking héraðsdóms þannig ekki komið til af því einu, að héraðsdómari hafi ekki neytt þessarar heimildar. Samkvæmt þessu og þar sem atvik eru ekki með þeim hætti, sem um ræðir í 5. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 19. gr. laga nr. 37/1994, verður ekki fallist á kröfu ákærða um ómerkingu.

II.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður staðfest niðurstaða hans um sakfellingu ákærða samkvæmt ákæru 22. október 1996.

Að gengnum héraðsdómi mælti ríkissaksóknari eftir kröfu ákærða fyrir um, að amfetamín, sem fjallað er um í II. kafla umræddrar ákæru, yrði vigtað að nýju. Samkvæmt lögregluskýrslu var þessi rannsókn gerð á tæknirannsóknastofu ríkislögreglustjóra 27. ágúst 1997 að viðstöddum ríkissaksóknara og verjanda ákærða. Niðurstöður rannsóknarinnar urðu þær, að alls hefði verið um að ræða 244 g af umræddu fíkniefni, en í ákæru var magnið talið vera 252,5 g. Af samanburði lögregluskýrslunnar við vottorð Rannsóknastofu í lyfjafræði 30. apríl 1996 um niðurstöður efnagreiningar á sýnum af amfetamíninu verður ráðið, að 137 g af efninu hafi verið með 7,5% amfetamínbasa, 96 g með 8,6% amfetamínbasa og 10 g með 50% amfetamínbasa, en um 1 g virðist ekki liggja fyrir efnagreining. Meta verður ósamræmi á milli mælinga á umræddum fíkniefnum og óvissu um styrkleika síðastnefnds hluta þeirra ákærða í hag. Samkvæmt þessu verður við ákvörðun refsingar ákærða miðað við, að heildarmagnið af amfetamíni samkvæmt II. kafla ákærunnar hafi verið 243 g og styrkleiki þess eins og að framman greinir. Þetta þykir hins vegar ekki gefa tilefni til að raska ákvæðum héraðsdóms um upptöku, sem verður þannig staðfest, hvað fíkniefnin varðar.

III.

Í héraðsdómi var eingöngu fallist á sakargiftir ákæruvalds samkvæmt I. kafla ákæru 6. mars 1997, að því er varðar eitt af sautján skotvopnum, sem þar greinir nánar. Hvorugur málsaðila krefst endurskoðunar héraðsdóms að þessu leyti. Stendur því óröskuð

niðurstaða hans um, að ákærði hafi brotið gegn 1. mgr. 14. gr., sbr. 34. gr. laga nr. 46/1977 um skotvopn, sprengiefni og skotelda, með því að hafa í vörslum sínum án skotvopnaleyfis einskota skammbyssu með bolta, caliber 22, auðkennda sem Valmet 16040.

Í II. kafla ákæru 6. mars 1997 er ákærða gefið að sök að hafa haft í vörslum sínum skotvopn samkvæmt I. kafla sömu ákæru ásamt tólf riffilskotum og þrettán skothylkjum tiltekinnar gerðar án þess að gæta að því að geyma þau í aðgreindum læstum hirslum. Í skýrslu fyrir dómi 10. mars 1997 kvað ákærði umrædd skot og skothylki hafa verið geymd í læstri skúffu. Um þetta efni segir ekkert í lögreglu-skýrslu 10. febrúar 1997 um húsleit hjá ákærða vegna skotvopna og haldlagningu þeirra. Þá gat lögreglumaður, sem tók þátt í húsleitinni og kom fyrir dóm 14. mars 1997, ekki borið um, hvort skúffa, sem skotin og skothylkin voru í, hafi verið læst. Verður því að leggja til grundvallar framburð ákærða um þetta efni. Af þessum sökum verður ekki fallist á, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem greinir í þessum lið ákæru.

Við húsleit hjá ákærða 10. febrúar 1997 fundust meðal annars fjórir byssustingir, þrjú höggsverð og tvö stungusverð, sem nánar er getið í III. kafla ákæru 6. mars 1997, svo og „fingrajárn í umbúðum ásamt lyklum og leðurhulstri“. Ákærða er gefið að sök að hafa brotið gegn 34. gr. reglugerðar nr. 16/1978 um skotvopn og skotfæri, svo sem henni var breytt með 3. gr. reglugerðar nr. 474/1988, sbr. 34. gr. laga nr. 46/1977, með því að hafa þessa muni í vörslum sínum. Ákærði hefur gengist við því að eiga aðra umrædda muni en svokölluð fingrajárn. Með því hefur ákærði brotið gegn 1. tölulið 2. mgr. tilvitnaðs reglugerðarákvæðis, sem á sér næga lagastoð í 1. tölulið 3. gr. laga nr. 46/1977. Varðar þetta refsingu samkvæmt 34. gr. laga nr. 46/1977. Svonefnd fingrajárn eru ekki sérstaklega talin meðal þeirra muna, sem refsivert er að eiga samkvæmt 34. gr. reglugerðar nr. 16/1978 með áorðnum breytingum. Í málinu liggur ekki fyrir lýsing á umræddum fingrajárnum, sem nægi til að taka afstöðu til þess, hvort þau megi telja til högg- eða lagvopna í skilningi 2. töluliðar 2. mgr. 34. gr. reglugerðarinnar. Þegar af þeirri ástæðu verður ákærða ekki talið refsivert að hafa haft fingrajárnin svokölluð í vörslum sínum.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku muna samkvæmt ákæru 6. mars 1997 skulu vera óröskuð.

IV.

Í héraðsdómi er greint frá brotaferli ákærða, en hann hlaut síðast refsingu fyrir fíkniefnabrot með dómi Hæstaréttar 8. júní 1989. Þegar gætt er að þessu og tekið tillit til tegunda fíkniefna, sem brot ákærða varða, magns þeirra og styrkleika, auk þess að líta til brota ákærða samkvæmt ákæru 6. mars 1997, þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 20 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað verður óraskað. Ákærði verður dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Franklín Kristinn Steiner, sæti fangelsi í 20 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku og sakarkostnað skulu vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 75.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttar-lögmanns, 75.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 10. apríl 1997.

Ár 1997, fimmtudag 10. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-418/1996: Ákæruvaldið gegn Franklín Kristni Steiner, sem dómtekið var 20. mars sl.

Málið er höfðað með tveimur ákærum, út gefnum 22. október sl. og 6. mars sl., gegn Franklín Kristni Steiner, Austurgötu 27 B, Hafnarfirði, kt. 140247-5459, fyrir eftirgreind brot á lögum um ávana- og fíkniefni og öðrum refsilögum.

A. Brot á lögum um ávana- og fíkniefni.

I.

Aðfaranótt laugardags 13. apríl 1996 haft samtals 50,5 g af hassi og 1 g af amfetamíni í vörslum sínum í bifreiðinni ÍS-551, er lögreglan hafði afskipti

af ákærða norðan Vífilstaðavegar á götuslóða við golfvöllinn í Garðabæ, og þykir ákærði hafa ætlað efnin til sölu í ágóðaskyni.

II.

Um sama leyti haft í vörslum sínum á heimili sínu samtals 252,5 g af amfetamíni, 75,8 g af hassi og 6,7 g af marihuana, sem ákærði þykir að verulegu leyti hafa ætlað til sölu í ágóðaskyni, en lögregla fann efnin við leit 13. apríl 1996; hluti þeirra fannst innan dyra, en hluti falinn utan dyra við hýbýli ákærða.

III.

Teljast framangreind brot ákærða varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16/1986, sbr. reglugerð nr. 177/1986, sbr. auglýsingu nr. 84/1986.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og að framangreind fíkniefni verði gerð upptæk samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986, og jafnframt, að gerð verði upptæk 1,2 g af hassblönduðu tóbaki, sem fannst við leit á ákærða eftir handtöku 13. apríl 1996.

B. Skotvopnalagabrot.

I. Að hafa sem eigandi og umráðamaður haft í vörslum á heimili sínu, er lögregla gerði þar húsleit mánudag 10. febrúar 1997, og um nokkurt skeið fyrir þann tíma eftirgreind skotvopn án leyfis:

- | | | |
|-----|----|--|
| Nr. | 1 | rifill, með spangikk, caliber 30, ómerktur, |
| " | 2 | fjárbyssa, ómerkt, |
| " | 3 | rifill, Stevens, caliber 22, nr. S 746, |
| " | 4 | rifill, undir/yfir, ómerktur, |
| " | 5 | haglabýssa, bolt aktion-lás, nr. 4199, |
| " | 6 | skammbýssa, með bolta, caliber 22, einskota, Valmet 16040, |
| " | 7 | skammbýssa, caliber 22, einskota, ómerkt, |
| " | 8 | skammbýssa, caliber 22, einskota, ómerkt, |
| " | 9 | fjárbyssa, ómerkt, |
| " | 10 | skammbýssa, caliber 38, revolver, ómerkt, |
| " | 11 | skammbýssa, Seglas-London, framhlaðningur með tinnulás, |
| " | 12 | skammbýssa, 8 millímetra, RÖHMRG-9, með skotgeymi og snittuð fyrir hljóðdeyfi, |
| " | 13 | rifill, Remington 17805, |
| " | 14 | rifill, Remington 14075, |

- Nr. 15 riffill, Remington 64145, caliber 32,
 " 16 riffill, framhlaðningur með tinnulás,
 " 17 riffill, ómerktur.

II. Að hafa í greint sinn haft framangreind skotvopn ásamt 12 22-Hornet-riffilskotum og 13 22-Hornet-skothylkjum á heimili sínu án þess að geyma þau í aðskildum, læstum hirslum.

III. Að hafa sem eigandi og umráðamaður haft í sínum vörslum á heimili sínu greint sinn eftirgreinda muni:

- Nr. 18 byssustingur, 12132, með 57 sentímetra löngu blaði,
 " 19 byssustingur, UCUOS, USA, með 25 sentímetra löngu blaði, í slíðri,
 " 20 byssustingur, UCUOS, USA, með 25 sentímetra löngu blaði, í slíðri,
 " 21 byssustingur, ómerktur, með 38,2 sentímetra löngu blaði, í slíðri,
 " 22 fingrajárn, í umbúðum ásamt lyklum og leðurhulstri,
 " 23 indverskt höggsvörð, 77 sentímetra langt, í bláu slíðri,
 " 24 indverskt höggsvörð, 77 sentímetra langt, í rauðu slíðri,
 " 25 stungusvörð úr smíðajárni, 83 sentímetra langt,
 " 26 stungusvörð úr smíðajárni, 83 sentímetra langt,
 " 27 höggsvörð úr smíðajárni, 84 sentímetra langt.

Telst háttsemi, sem lýst er í I. ákærulið, varða við 1. mgr. 14. gr., sbr. 34. gr. laga um skotvopn, sprengiefni og skotelda nr. 46/1977, 3. mgr. 17. gr. reglugerðar nr. 16/1978, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 174/1979, sbr. 33. gr. reglugerðar nr. 16/1978 og 34. gr. laga nr. 46/1977, en háttsemi, sem lýst er í III. ákærulið, telst varða við 1. og 2. tl. 2. mgr. 34. gr. reglugerðar nr. 16/1978, sbr. reglugerð nr. 474/1988 sbr. 34. gr. laga nr. 46/1977.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar. Þá er þess krafist, að framangreind skotvopn nr. 1-17 og 12 riffilskot og 13 skothylki verði gerð upptæk til ríkissjóðs skv. 1. mgr. 35. gr. laga nr. 46/1977.

Af hálfu ákærða er haldið uppi vörnum í málinu og gerðar þessar kröfur:

— — —

I. Málavextir.

A. Brot á lögum um ávana- og fíkniefni.

Aðfaranótt laugardags 13. apríl sl. kl. 2.40 voru tveir lögreglumenn úr

Kópavogi á ferð í lögreglubifreiðinni nr. 37202, og var ekið austur Vífilsstaðaveg í Garðabæ. Skammt austan við golfskálann í Garðabæ, á móts við Vífilsstaðaspítala, veittu lögreglumenn athygli bifreiðinni ÍS-551, þar sem henni var ekið af aðalvegi Vífilsstaðavegar og inn á malarvegarslóða skammt austan við golfskálann. Lögreglumennirnir veittu bifreiðinni eftirför, og kemur fram í lögregluskýrslunni um atburðinn, að er ökumaður bifreiðarinnar ÍS-551 hafi orðið þess var, að bifreiðinni var ekið á eftir bifreið hans, hafi hann aukið hraðann, virst vilja forðast lögreglubifreiðina og jafnvel komast undan. Forgangsljós lögreglubifreiðarinnar höfðu þó ekki verið notuð, og gerðu lögreglumennirnir því ráð fyrir, að ökumaður ÍS-551 hefði samt ekki gert sér grein fyrir, að lögreglubifreið væri fyrir aftan bifreið hans. Bifreiðinni ÍS-551 var ekið vegarslóðann, þar til hann þraut og ekki unnt að aka lengra, og var þá lögreglubifreiðin í um tíu metra fjarlægð. Er bifreiðarnar höfðu stöðvast, hafði ökumaður bifreiðarinnar ÍS-551 farið strax út úr bifreiðinni, og um leið voru lögreglumennirnir komnir út úr lögreglubifreiðinni. Þeir höfðu þá greinilega séð, að ökumaður henti í jörðina við bifreið sína einhverju, sem hann svo stóð á, þegar þeir komu að. Er þeir svo spurðu hann, hvað væri undir fæti hans, sparkaði hann því undir bifreiðina. Ökumaðurinn, sem reyndist vera ákærði í málinu, var þá handtekinn á staðnum. En er verið var að færa ákærða í handjárn, kastaði hann úr lófa sér litlum plastpoka, sem í reyndust vera tvö lítil umslög með dufti í og lítill poki með tveimur litlum brúnum molum í, og ætluðu lögreglumennirnir, að þetta væru fíkniefni. Það, sem ákærði hafði sparkað undir bifreiðina, reyndist vera brúnt efni, vandlega pakkað í plast, og var talið vera hass, og lagði lögregla hald á þessi efni. Ákærði og farþeginn, Herbjörn Sigmarsson, Skipholt 9, Reykjavík, kt. 141163-5239, voru færðir á lögreglustöðina í Kópavogi, og heimiluðu þeir þar, að gerð yrði á sér líkamsleit. Á Herbirni fundust engin fíkniefni, en 40.000 kr. í peningum. Á ákærða fannst vafinn vindlingur, sem ákærði sagði vera „Jónu“, vasahnífur með brúnum, ætluðum efnisleifum á, og fjórir kassar af bréftóbaksvafningum. Þá var hann með í seðlaveski sínu 27.500 kr. í peningum.

Efnin, sem ákærði hafði verið með, voru send tæknideild lögreglunnar í Reykjavík til litprófunar, og reyndist samkvæmt henni vera um að ræða 50,5 grömm af hassi, 1,0 gramm af amfetamíni og 1,2 grömm af hassblönduð tóbaki.

Gerð var húsleit á heimili ákærða að Austurgötu 27 B, Hafnarfirði.

Í herbergi inn af stofu fannst poki með hvítu dufti, talið vera amfetamín, og í svefnherbergi á efri hæð fannst poki með brúnu efni, sem talið var vera hass.

Í suðvesturhorni garðsins við húsið fannst svo falinn undir grjóti og timbri plastpoki með ýmsum munum. Í pokanum var m. a. poki með hvítu dufti, ætlað amfetamín, og brún plata, ætlað hass. Þá voru og í pokanum svipa, ýmsir skartgripir og ýmsir steinar, og var ætlað, að hluti þeirra væri demantar. Eru þessir hlutir nánar tilgreindir í munaskrá lögreglu, en lagt var hald á þá ásamt ætluðum fíkniefnum.

Sýnishorn þeirra efna, sem talin voru vera fíkniefni, voru fengin tæknideild lögreglunnar í Reykjavík til litprófunar, og samkvæmt henni var hér um að ræða 75,8 g af hassi, 25,2 g af amfetamíni og 6,9 g af marihuana.

Sýnishorn af þessum efnum og þeim, sem voru á ákærða við handtöku, voru og send Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfjafræði til efnagreiningar, og hafa verið lagðar fram fjórar matsgerðir frá Þorkeli Jóhannessyni prófessor um niðurstöður greiningarinnar.

Fram kom, að úr pakkanum, sem ákærði fleygði undir bifreiðina ÍS-551 við handtöku og vó 48,6 g, var sýni, að þyngd 1,96 g, efnagreint, og við gasgreiningu á súlu og massagreiningu fannst, að sýnið var kannabis, og reyndist magn tetrahydρόkannabínóls, hins vímuegefandi efnis í kannabis, vera 96 mg/9 (?). Með blettagreiningu á þynnu, gasgreiningu á súlu, massagreiningu og ýmsum efnaprófum kom í ljós, að í sýni af hvíta duftinu, sem ákærði var með í lófa við handtöku, reyndist vera amfetamín, koffeín og laktósa, og bentu efnapróf til, að amfetamínið væri að mestu í formi amfetamínsúlfats. Magn amfetamínsúlfats í sýninu var 29%, sem samsvarar 21% af amfetamínbasa. Magn koffeíns í sýninu var 10%.

Af efnunum, sem fundust við húsleit hjá ákærða, voru tekin fjögur sýni til efnagreiningar. Af ætluðu hassi, sem vó 65 g, voru 3,37 g efnagreind og reyndust vera kannabis. Magn tetrahydρόkannabínóls, hins vímuegefandi efnis í kannabis, var 93 mg/9.

Af ætluðu amfetamíni voru tekin þrjú sýni til efnagreiningar. Af bleikleita efninu, sem fannst utan dyra, voru 4,78 g efnagreind, og bentu efnapróf til, að amfetamínið, sem fannst í efninu, væri mest í formi amfetamínsúlfats, og var magn þess í sýnum 11,7%, sem svara til 8,6% amfetamínbasa. Magn koffeíns var 7,1%. Af gulleitu efnunum, sem fundust utan dyra, var tekið sýni, sem vó 1,13 g, og benti efnapróf til þess, að amfetamínið í efninu væri mest í formi amfetamínsúlfats. Magn amfetamínsúlfats í sýninu var 68%, sem samsvara 50% af amfetamínbasa. Magn koffeíns var 30%.

Af hvíta efninu, sem fannst innan dyra, var tekið sýni, sem vó 4,33 g. Amfetamín reyndist vera í efninu, og var það að mestu í formi súlfats, en magn þess var 10,2%, sem svara til 7,5% amfetamínbasa. Magn koffeíns var 3,8%.

Ákærði var yfirheyrður 13. apríl sl. af Birni Halldórssyni, lögreglufulltrúa í rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík. Hann viðurkenndi að vera eigandi þeirra fíkniefna, sem hann var með í sinni vörslu við handtöku, þ. e. 50,5 g af hassi, 1 g af amfetamíni og 1,2 g af hassblönduðu tóbaki, og kvaðst hafa ætlað þessi efni til eigin neyslu. Þá var hann spurður um fíkniefnin, sem fundust á og við heimili hans, og kvaðst hann taka það á sig að eiga efnið, en vildi ekki tjá sig frekar um það. Honum voru kynntar magntölur lögreglu um fíkniefni þessi og mótmælti þeim ekki, en vildi þó ekki tjá sig um þær frekar né um það, hvort hann hefði ætlað þau til sölu. Hann var og spurður um ætluð umsvif sín á fíkniefnamarkaði hérlandis, og kvað hann þau ýkt og studd getgátum og gróusögum, frá því að hann var í fíkniefnum hér á árum áður. Hann kvaðst augljóslega vera í neyslu fíkniefna, en ekki selja þau.

Ferðir sínar um nóttina, sem hann var handtekinn, skýrði hann svo, að Herbjörn, sem hann þekkti lítillega, hefði komið heim til sín eftir miðnætti og beðið sig að aka sér að miðbæ Reykjavíkur. Hefði hann svo ekið Herbirni eystri leiðina til Reykjavíkur, þ. e. Reykjanesbraut, en beygt af leið inn Vífilsstaðaveg og ekið upp eftir, en á móts við golfskálann út á malarveg. Hefði þetta verið að beiðni Herbjarnar, og kvað hann þetta ekkert hafa komið fíkniefnum við, að því er sig varðaði.

Ákærði gerði grein fyrir skartgripum, skrautsteinum og öðrum munum í plastpokanum með fíkniefnunum, sem fundust í suðvesturhorni garðsins að Austurgötu 27 B, Hafnarfirði. Kvaðst hann eiga flesta þessa muni eða kona sín, Anna Katrín, en suma munina sagðist hann hafa í vörslu sinni vegna þess, að þeir hefðu verið skildir eftir í íbúð sinni af fyrri leigjendum og ekki verið sóttir þrátt fyrir tilmæli við þá þar um. Flestöllum mununum var ákærða skilað aftur, en ekki leiddi könnun lögreglu neitt sérstakt í ljós um, að aðrir væru eigendur þeirra.

Ákærða, sem verið hafði í haldi, frá því að hann var handtekinn, var sleppt að lokinni yfirheyrslu hjá lögreglu, og kemur fram hjá rannsóknara, að ekki verði krafist gæsluvarðhalds yfir ákærða, enda hafi hann gengist við því sakarefni, sem fram sé komið.

Ákærði bar um atvik hér fyrir dómi 9. desember sl. Hann viðurkenndi að hafa haft í vörslum sínum 50,5 g af hassi og 1 g af amfetamíni, er lögregla hafði afskipti af sér rétt við Vífilsstaði, Garðabæ, svo sem tilgreint er í I. kafla ákæru, dskj. nr. 2. Hann neitaði því þó, að efnin hefði hann ætlað til sölu í ágóðaskyni, heldur nota þau sjálfur. Hann kvaðst hafa verið með efnin í bifreiðinni, þar sem hann hefði ekki verið búinn að koma þeim fyrir á þeim stað, sem hann ætlaði að geyma þau. Kvaðst hann hafa fengið þau hjá

kunningja sínum heima við hjá sér og tilgreindi síðar í þinghaldinu, að sá hétu Ari Þorsteinsson og myndi bera vitni í málinu. Hann kannaðist ekki við, að fíkniefnin, sem fundust við húsleit á heimili sínu að Austurgötu 27 B, Hafnarfirði, og á lóð hússins 13. apríl 1996, svo sem greint er í II. kafla ákæru, dskj. nr. 2, hefðu verið í sínum vörslum, þ. e. 252,5 g af amfetamíni, 75,8 g af hassi og 6,7 g af marihuana. Ákærði hefði verið viðstaddur, er húsleitin fór fram, og verið mjög undrandi á því, að efnin skyldu finnast hjá sér, og ekki hafa haft hugmynd um, að þau væru þar. Hann hefði ekki fylgst með, er efnið fannst úti á lóðinni, og ekki heldur verið kominn í herbergið inn af stofunni, þegar lögregla fann þar fíkniefni og verið komið með þau fram. Hann kvað þetta lítið herbergi, sem notað hefði verið undir drasl, og enginn sérstakur á heimilinu haft það til umráða, en í heimili hefðu verið hann, kona sín og barn þeirra. Herbergið hefði verið ólæst og opið og allir getað gengið þar um, en þar hefði aðallega heimilisfólkið komið til greina og Ari Þorsteinsson, sem hefði verið að vinna hjá sér við að brjóta upp gólf í kjallara og haft lykil að húsinu. Ákærði kvað þau Önnu Katrínu bara nota svefnherbergið, og því væri ekki öðrum til að dreifa, sem komið hefði fyrir hassefni í lampa þar. Þetta hefði verið eldgamalt efni, sem hann kynni að hafa komið þarna fyrir án þess að muna eftir því, og neitaði hann ekki að hafa verið með það í vörslum sínum. Ákærði neitaði að hafa komið fyrir í herberginu inn af stofunni því amfetamíni, sem þar fannst, og ekki vitað af því, fyrr en það fannst þar. Hann kvaðst halda sig við það eins og hjá lögreglu, að hann hefði tekið á sig að eiga þessi efni og þau, sem fundust úti í garði, en viðurkenndi ekki að eiga þau. Hann var inntur eftir því, hvers vegna hann hefði tekið á sig að eiga efnin, eins og hann hefði orðað það hjá lögreglu. Hann kvað það hafa komið flatt upp á sig, að efnin skyldu vera á heimili sínu, og sér þá dottið margt í hug, svo sem, að kona sín væri að gera einhverja vitleysu eða jafnvel sitja uppi með efnin fyrir einhvern annan. Hann hefði viljað komast að því, hvað gerst hefði, og hvernig stæði á þessum fíkniefnum þarna, og ef kona sín hefði gert þetta, vildi hann ekki blanda henni neitt í það. Þá hefði það og ráðið nokkru, að meiri líkur hefðu verið til þess, að hann slyppi við gæsluvarðhald, ef hann tæki á sig að eiga efnin, heldur en hitt. Um það spurður kvað hann það nú ótvírætt, að hann ætti ekki efnin og hefði ekki átt þau. Kvað hann sér nú vera kunnugt, hver ætti efnin, og væri það Ari Þorsteinsson. Spurður, hvernig hann vissi það, kvað hann Ara hafa komið til sín og viðurkennt það fyrir sér. Atvik að því hefðu verið þau, að Ari hefði verið staddur á verkstæðinu hjá Viðari, bróður sínum, þegar boðunarmaður hjá sýslumanni kom þangað, og verið að spyrja Viðar, hvort hann vissi, hvar unnt væri að ná í ákærða, sem hann

hefði ekki vitað þá stundina. Boðunarmaðurinn hefði síðar hitt ákærða og honum verið birt ákæra í málinu. Síðar hefði svo Ari komið til sín og farið að spyrja sig, hvað boðunarmaðurinn hefði viljað sér. Ákærði kvaðst hafa sagt Ara það. Hann hefði jánkað við og verið hugsi, en svo komið til sín síðar og sagt sér, að hann ætti sök á þessu. Er ákærði hefði gengið frekar á hann um þetta, hefði hann viðurkennt það fyrir sér að eiga efnin og hafa komið þeim fyrir. Hann kvað Ara engar skýringar hafa gefið á þessu, en skýri þetta, er hann komi fyrir dóminn. Aðspurður kvaðst ákærði engan þátt eiga í því, að Ari tæki þetta á sig, heldur réði þar samviska Ara. Hann kvaðst hafa þekkt Ara í mörg ár og hann eitthvað komið við sögu við fíkniefnaneyslu. Ákærði kvaðst lítið neyta fíkniefna nú orðið eða sama sem ekkert og neitaði því að stunda fíkniefnasölu. Hann færðist undan að svara því, hvað hann starfaði og hvernig hann sæi sér farborða, en kvaðst þó vera í vinnu annað slagið. Í skýrslu hjá RLR, sem hann staðfesti fyrir dómi, kvaðst hann starfa hjá sjálfum sér, en svo vera atvinnuspilari, þ. e., að hann spilaði í spilakössum, og hefðu tekjur sínar árið 1996 verið um 5 milljónir. Ákærði kvað eiginkonu sína vera eiganda að húsinu nr. 27 B við Austurgötu, og hafi þau saman ótakmörkuð umráð yfir húsinu og garðinum. Ákærða var bent á, að með efnunum, sem fundust úti í garðinum hjá honum, hefðu verið ýmsir skartgripir, sem kona hans ætti, sem samrýmdust því illa, að Ari ætti efnin. Hann kvað vera skýringu á þessu. Í kjallara hefðu verið kassar með drasli eða hlutum, sem þau notuðu ekki lengur, og hefðu þau selflutt þá úr kjallaranum út í bílskúr eftir hendinni, þar sem þeir hefðu verið fyrir, er verið var að brjóta upp gólfið í kjallaranum. Pokar með skartgripunum hefðu verið í þessum kössum. Einnig hefðu verið kassar með dóti í herberginu inn af stofunni. Ekki gat hann skýrt, hvernig skartgripirnir lentu úti í garði, en vísaði til Ara um skýringar á því. Aðspurður neitaði hann því að hafa gefið konu sinni nokkur fyrirmæli um að fela fíkniefni, sem væru inni hjá sér, ef hann væri lengi í burtu að heiman. Hann kvað ekkert hafa verið inni hjá sér, sem þurft hefði að fela.

Sambýliskona ákærða, Anna Katrín Stefánsdóttir, kt. 231167-2939, var kvödd fyrir réttinn til vitnisburðar. Hún kvaðst hafa búið með ákærða í tólf ár, og með vísun til 2. mgr. 50. gr. oml. gaf dómari henni kost á að skorast undan vitnaskyldu, sem hún gerði.

Vitnið Pétur Guðmundsson lögreglumaður, Hrísarima 11, Reykjavík, kt. 231169-5049, lýsti aðdraganda að því, er ákærði var handtekinn greint sinn, mjög á sama veg og kemur fram hér að framan. Hann kvaðst hafa verið á merktri lögreglubífreið, og það, sem hefði valdið því, að hann og lögreglumaðurinn, sem var með sér, veittu bifreið ákærða athygli, hefði verið, að

henni var ekið utan alfaraleiðar og þeir þess vegna farið að hafa auga með henni. Hann taldi, að ákærði hefði ekki áttað sig á því í fyrstu, að það væri lögreglubifreið, sem ekið var að bifreið hans, en fljótlega hefði hann þó farið að auka hraðann, eins og hann vildi komast undan. Vitnið kvað þá ekki hafa þekkt bifreiðina sérstaklega, er þeir veittu henni athygli, en er þeir hafi komið nær, hefðu þeir séð, að þetta var bifreið, sem ákærði hafði til umráða. Lögreglubifreiðin var með háan ljósgeisla, þar sem mikið myrkur var þarna og engin lýsing, en er þeir nálguðust bifreið ákærða, var kveikt á ljóskösturum, sem voru á lögreglubifreiðinni, til að sjá betur veginn og hvort ökumaður bifreiðarinnar á undan myndi kasta einhverju út úr henni á ferð eða reyna að koma einhverju undan, sem hann væri hugsanlega með. Vitnið kvaðst hafa séð venjulegar sölupakkningar fíkniefna og var beðinn að lýsa pakkningunum, sem fíkniefnin voru í og hald var lagt á þarna. Hann kvað hassið hafa verið pakkað vandlega inn í plast og kvað það vera stærri sölupakkningu en hann hefði séð áður, en pokinn, sem ákærði var með í lófa sér, var efni, sem talið var hass, og svo efni, er talin voru vera amfetamín eða kókaín, sem hann taldi vera í venjulegum sölupakkningum. Hann kvað ekki hafa verið fleiri bifreiðar þarna í námunda við þá og því ekkert bent til þess, að ákærði hefði ætlað að hitta þarna einhvern til að selja fíkniefni. Ákærði hefði hins vegar verið með þau fíkniefni, sem haldlögð voru, og með manni með mikla peninga, efnið verið í venjulegum sölupakkningum, sem bent hafi til, að þarna ætti að fara fram sala fíkniefna. Hann kvað farþegann hafa verið strax grunaðan um að vera viðriðinn málið og honum verið kynnt réttarstaða hans sem grunaðs manns, er hann var handtekinn, án þess að hann væri neitt spurður þarna á staðnum um þátt sinn í málinu.

Vitnið Páll Sigurðsson lögreglumaður, Laufbrekku 23, Kópavogi, kt. 231162-7399, er starfsmaður rannsóknardeildar lögreglunnar í Kópavogi og fór ásamt starfsmönnum fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík o. fl. í húsleitina á heimili ákærða og staðfesti að hafa gert skýrslu um húsleitina og munaskrá um skartgripina og aðra muni, sem voru með fíkniefnunum, er fundust úti í garði hjá ákærða. Vitnið kvað ákærða hafa verið viðstaddan húsleitina, en ekki verið virkan, þannig, að hann hefði vísað lögreglumönnum á efnin eða eitthvað slíkt, heldur hefði hann aðeins verið í húsinu ásamt konu og barni, meðan leit fór fram, en við hana hefðu þeir lögreglumennirnir haft með sér leitarhund, sem farið var með um allt hús. Í herbergi inn af stofu hafi fundist poki með hvítu dufti, og hafi hann verið þar bak við ofn. Þetta hafi verið eins og hvítur sælgætispoki, skráfpoki, og efnið ekki verið í sölupakkningum, heldur einum stórum sekk. Vitnið kvaðst og hafa fundið í svefnherbergi ákærða, í borðlampa, nokkurs konar

„batterís“-lampa með barka-„græjum“, lítið magn af hassi, þ. e. um 2-4 g. Annað hafi ekki fundist innan dyra, en hins vegar poki úti í garði. Hann hefði ekki verið viðstaddur, er hann fannst, en séð hann, og hafi þetta verið hvítur poki með efnum og svo silfurmunum og ýmiss konar dóti. Vitnið lýsti svo viðbrögðum ákærða, þegar þessi efni fundust, að það hefði verið eins og hann yrði hálfúll út í sambýliskonuna og sagt eitthvað þessu líkt: „Þessar konur“ eða „Konur“, og fannst vitninu, að hann væri með því að gefa í skyn, að hún hefði ekki tekið nógu vel til í húsinu eða fjarlægð það, sem í því var af efnum. Kvað vitnið konuna engu hafa svarað. Vitninu fannst það ekki hafa komið ákærða á óvart, að efnin skyldu finnast þarna, heldur hafi það fremur virst vekja hjá honum einhverja reiði.

Vitnið Hákon Birgir Sigurjónsson rannsóknarlögreglumaður, Haukshólum 6, Reykjavík, kt. 110251-4599, gerði efnaskrá um þau fíkniefni, sem lagt var hald á í málinu, flokkaði þau og annaðist um að senda sýni af efnunum til efnagreiningar. Vitnið kvaðst hafa sautján ára reynslu af því að fást við fíkniefnamál og þekkja efnin orðið vel eftir útliti, gerð, lit og lykt. Fram kom hjá vitninu, að efni nr. 4673-D, sem er annar amfetamínskammturinn, er ákærði var með í lófa sínum, og efni nr. 4674-H, sem er amfetamín í 0,7 g pakkningu og fannst úti í garði ákærða, hefðu verið eins að lögun, lit og lykt og gætu verið sama efnið. Í efnaskrá nr. 4674 kemur og fram, að sama gildi um efni nr. 4673-D og nr. 4674-O, þ. e. amfetamínið, sem fannst bak við ofninn í herberginu. Vitnið staðfesti og efnaskrána um það, að efni nr. 4674-A, ætlað hass, væri helmingur af plötu sama efnis, sem skráð væri nr. 4673-A. Stykkinn hefðu átt saman, þegar þau voru borin saman, þ. e. brotin, saumurinn á brotunum. Bornar voru undir vitnið niðurstöður í matsgerð Rannsóknastofu í lyfjafræði, dskj. nr. 3-17-15, um samanburð á sýnum nr. 4673-D og 4674-O, en þar kemur fram, að með tilliti til aukaeftna (óhreininda), sem myndist við samtengingu á amfetamíni, megi renna stöðum undir þá ályktun, að bæði sýnin hafi verið framleidd með sömu aðferð, en hlutfallslegt magn þessara efna í sýnum hafi hins vegar verið svo mismunandi, að sýnin hafi ekki verið framleidd í sömu lotu (á sama tíma eða samtímis). Kvaðst vitnið skilja þetta þannig, að notuð hefði verið sama aðferð og sama grunnefni við framleiðslu efnisins, þ. e., að sameiginleg efni finnist í báðum þessum efnasýnum, og sé þannig um sama efni að ræða. Þar sem efnin séu ekki framleidd í sömu lotu, verði ekki sagt, að efnið, sem tekið er úr poka heima hjá ákærða, og það, sem hann var með á sér við handtöku, séu alveg sama efnið, í reynd sé um sitt hvort efnið að ræða, þar eð snefilefnin eða óhreinindaefnin séu mismunandi.

Vitnið Þorkell Jóhannesson prófessor, Oddagötu 10, Reykjavík, kt.

300929-3389, kvaðst hafa unnið þær rannsóknir og matsgerðir um þau fíkniefnasýni, sem Rannsóknastofu í lyfjafræði voru send vegna þessa máls, en matsgerðirnar eru fimm, nr. 1680-1684. Vitnið kvað sýni úr efnunum merktum 4673-A og 4674-A hafa reynst vera kannabis, og hafi tetrahydórókannabinól í báðum sýnunum verið mjög svipað, 96 og 93 mg í grammi, og taldi vitnið þetta geta verið tvö sýnishorn á sama varningi. Um samanburð á sýnum merktum 4670-D og 4674-O, sbr. matsgerð 1684, staðfesti vitnið í matsgerðinni um það, að þar sem svonefnd aukaefni væru um það bil hin sömu, benti það til þess, að sama framleiðsluaðferð hefði verið notuð um bæði efnin, en þar sem magn þessara efna í sýnum væri mismunandi í sýnunum, væri trúlegt, að þau hefðu verið framleidd á mismunandi tímum. Væri þá miðað við, að ekki hefði viljandi verið ruglað hlutföllum, en ef þarna hefðu viljandi verið mismunandi blöndun aukaefna, hefðu efnin getað verið upprunalega framleidd í sömu lotu.

Vitnið Lárus Kjartansson lögreglufulltrúi, Skipasundi 49, Reykjavík, kt. 300555-2259, hafði tekið þátt í húsleitinni á heimili ákærða og leitað í eldhúsi, gangi og svo úti í bílskúr, en ekki fundið nein fíkniefni sjálfur. Hann hefði hins vegar verið kallaður til, þegar leitarhundur, sem notaður var við leitina, hefði sýnt þess merki, að einhver fíkniefni væru úti í garði, og lögreglumaðurinn, sem var með hundinn, svo dregið upp poka með skartgripum og einhverjum efnum. Vitnið mundi ekki nákvæmlega, hvernig gengið hefði verið frá efnunum, en þau hefðu verið við einhvern stein bak við húsíð, en hann mundi ekki, hvort það var undir einhverju. Vitnið kvaðst hafa áttað sig á því, að í pokanum var amfetamín, því að af því hefði verið mjög sterk lykt. Vitnið vísaði til þess, að hann hefði orðið fyrir mjög alvarlegu áfalli í apríl sl. og myndi því ekki öll smáatriði. Vitnið kvað viðbrögð ákærða, er efnin fundust bæði úti og inni, hafa verið þau, að hann hefði verið undrandi og hissa, en minnstist þess ekki, að ákærða og konu hans hafi farið neitt á milli um þetta. Vitnið hafði verið vottur að skýrslutökunni af ákærða hjá lögreglu og kvað þetta hafa verið eins og hverja aðra yfirheyrslu. Það, sem haft væri eftir ákærða um, að hann tæki á sig að eiga efnin, er fundust á heimili hans og við það, kvaðst hann hafa skilið þannig, að hann ætti ekki efnin, en tæki sökina á sig einhverra hluta vegna. Kvað vitnið þetta oft gerast í málum, ef menn vildu hlífa einhverjum eða hefðu ótta af hefndaraðgerðum.

Vitnið Björn Halldórsson lögreglufulltrúi, Reykási 39, Reykjavík, kt. 220955-2069, hafði ráðið því í samráði við lögregluna í Kópavogi, að fram fór húsleit á heimili ákærða og vinnustað, og einnig, að farið var í leit á vettvang, þar sem ákærði var handtekinn, og var hundur hafður í leitum

þessum. Vitnið kvað leitina hafa farið fram með venjubundnum hætti og mundi ekki eftir neinu sérstöku við hana. Hann hefði leitað í gangi, eldhúsi og kjallara, en ekki fylgst með, er fíkniefnin fundust, og vísað til þess, sem fram hefði komið hjá lögreglumönnum, sem fundu efnin, og hvernig frá þeim hefði verið gengið. Hann hefði séð amfetamínið, sem fannst inni, en taldi sig ekki hafa séð nákvæmlega efnin, sem fundust úti, og ekki áttað sig á því, hvort eitthvað af því væri í sölupakkningum. Vitnið kvað venjulegar sölueiningar af amfetamíni vera 0,5 til 1,0 g, og sama gildi um hass. Vitnið kvað viðbrögð ákærða við því, að efnin fundust, hafa verið þau, að hann hefði virst ekki vita af þeim og sagt við þá lögreglunnina, að þetta ætti ekki að vera þarna. Einnig hefði hann spurt konu sína, hvað þetta væri, og hún vísað því á bug að vita það heldur. Vitnið kvaðst ekki hafa merkt ásökun í garð konunnar um það, að efnin skyldu finnast þarna. Hann kvað ákærða hafa verið undrandi á þessu, en ekki reiðan. Vitnið sagði, að með því að þukla fíkniefnin, horfa á þau og lykta af þeim mætti draga ályktun um, hvort um sömu efni væri að ræða eða ekki, en til að fullreyna það þyrfti efnagreiningu. Vitnið kvaðst hafa túlkað framburð ákærða um efnin, sem fundust heima hjá honum og við heimili hans, sem um játningu væri að ræða; annars hefði honum ekki verið sleppt. Ákærði hefði í fyrstu ekki viljað ræða um þessi efni, en þegar honum hefði verið gerð grein fyrir, að hassplöturnar ættu saman, þ. e. hassið, sem hann var með, og það, sem fannst í garðinum, hefði losnað um málbeinið og hann gengið svo langt að segja, að hann tæki á sig efnin, hvort sem þau hefðu verið úti eða inni.

Vitnið var spurt um Ara Þorsteinsson, sem átti að bera vitni í málinu. Kvaðst hann ekki sjálfur hafa haft af honum afskipti vegna fíkniefnamála, en samkvæmt óstaðfestum upplýsingum lögreglu væri hann fíkniefnaneytandi og mögulega einhver „liðléttingur í efnum“, þ. e. a. s. einn af þeim, sem hægt væri að leita til með efni. Vitnið taldi sig vita, að Ari þekkti ákærða, og hafði upplýsingar um, að hann hefði dvalist langtíðum saman á heimili ákærða.

Í lok þinghalds 9. desember sl. kom fyrir dóminn að ósk ákærða sem vitni Ari Þorsteinsson, atvinnulaus, Reykjavíkurvegi 36, Hafnarfirði, kt. 151166-5989. Vitnið lýsti yfir því, að hann hefði verið staddur á heimili ákærða kvöldið, sem hann var handtekinn, og verið að vinna við breytingar á kjallara hússins. Vitnið kvaðst hafa látið ákærða fá um 50 g af hassi, sem hann hefði verið með, áður en ákærði fór að heiman þetta kvöld. Vitnið kvaðst hafa verið heimagangur þarna og haft lykla að húsinu. Eftir að ákærði var farinn, kvaðst hann hafa farið upp á efri hæð hússins með eitthvað af amfetamíni, sem var rennblautt, og ætlað að þurrka það og sett það ofan á ofn

inni í herbergi á efri hæð hússins. Kvaðst hann síðan hafa farið, en í leiðinni farið aftur niður í kjallara, þar sem hann hefði átt meira af fíkniefnum, stungið því öllu ofan í poka og svo farið út í garð hjá ákærða og hent því þar undir eitthvert drasl og ætlað svo að sækja þetta daginn eftir. Vitnið kvaðst ekki hafa verið fenginn til að gefa þennan framburð, en kvaðst hafa orðið að segja frá þessu, þar sem allt hefði verið komið í upplausn heima hjá ákærða út af þessu og hann kominn í „ljót mál“. Vitninu var bent á, að spyrja yrði hann sem grunaðan um refsivert athæfi, ef hann ætlaði að halda sig við þennan framburð. Vitnið skýrði aðdraganda þess, að hann gæfi þessa skýrslu nú mjög á sama veg og komið hefur fram hjá ákærða hér að framan. Aðspurður, hvers vegna hann hefði ekki sagt lögreglunni strax frá þessu, sagði vitnið, að það hefði ekki verið, fyrr en hann hefði séð, hve alvarlegar afleiðingar þetta ætlaði að hafa fyrir ákærða, að hann hefði talið sig verða að skýra frá þessu. Vitnið kvaðst hafa þekkt ákærða í u. þ. b. tíu ár. Hann kvaðst hafa verið búinn að vinna lengi við þessar viðgerðir í kjallaranum, þ. e. dýpka helminginn af honum, þar sem bara er hálf lofthæð, og væri kjallarinn enn í sama ásigkomulagi og þegar þetta mál kom upp og ekkert verið gert eftir það. Vitnið kvaðst ekki hafa borið það undir ákærða né konu hans, að hann hefði geymt þessi efni heima hjá honum. Vitnið var spurt, hvort hann væri háður ákærða, væri á launum hjá honum. Svaraði hann því til, að það væri ekki að öðru leyti en því, að ákærði borgaði sér laun fyrir vinnu sína í húsinu. Að öðru leyti væri hann á atvinnuleysisbótum. Ekki gat hann upplýst, hvað ákærði hefði greitt sér í laun árið 1996. Vitnið kvað það ekki rétt, að hann byggi hjá ákærða eða hefði dvalist þar langtímum saman. Hann kvaðst eiga lögheimili að Reykjavíkurvegi 36, Hafnarfirði, en dveljast að Hverfisgötu 36, Reykjavík, þar sem hann svæfi. Hann kvaðst ekki vera fíkniefnaneytandi, en einhvern tíma hafa komið við sögu fíkniefnalögreglunnar.

Vitninu var enn bent á, að líta yrði á hann sem grunaðan, og réttarstaða hans sem grunaðs manns kynnt honum, sbr. 3. mgr. 32. gr. oml. Hann hélt enn fast við að eiga efnin og hafa komið þeim fyrir á heimili ákærða. Var þá ákveðið að fresta aðalmeðferð málsins, meðan lögreglurannsókn færi fram á ætluðu broti vitnisins. Með bréfi ríkissaksóknara, dags. 12. desember 1996, var málinu um ætlað brot Ara Þorsteinssonar vísað til Rannsóknarlögreglu ríkisins í því skyni, að upplýst yrði um sannleiksgildi framburðar Ara. Sannreyndur yrði sá framburður hans fyrir dómnum, að hann væri sekur um hin umræddu fíkniefnabrot, en jafnframt höfð hliðsjón af því, að Ari kunni með framburði sínum að hafa gerst brotlegur við 142. gr. almennra hegningarlaga. Rannsókninni lauk með því, að 16. janúar sl. sendi RLR

ríkissaksóknara gögn um rannsóknina, og með bréfi, dags. 30. janúar sl., sendi hann réttinum afrit þessara rannsóknargagna og tilkynnti jafnframt, að framburður hefði ekki í för með sér breytingar á afstöðu ákærvaldsins í málinu, og stæði ákæran í málinu óhöggðu eftir sem áður. Þá var tekið fram, að frestað væri af hálfu ákærvalds ákvörðun vegna ætlaðs brots Ara gegn 142. gr. almennra hegningarlaga. Afrit framangreindra rannsóknargagna voru lögð fram í réttinum 14. febrúar sl., og var þá ákveðið að halda aðalmeðferðina með skýrslutökum, eftir því sem rannsóknin gaf tilefni til, 27. febrúar sl. Þá varð enn að fresta málinu vegna veikindaforfalla ákærða og Ara Þorsteinssonar, og enn síðar tafði það lok aðalmeðferðar. Ari sótti ekki þinghald þrátt fyrir tilmæli þar um. Aðalmeðferð lauk svo 20. mars sl.

Rannsókn Rannsóknarlögreglu ríkisins vegna framburðar Ara Þorsteinssonar, sbr. bréf ríkissaksóknara frá 12. desember sl., fólst aðallega í því, að teknar voru mjög ýtarlegar skýrslur af ákærða og Ara Þorsteinssyni og nánari skýrslur af einstökum lögreglumönnum, sem unnu að frumrannsókn málsins. Einnig var tekin skýrsla af Þorsteini Hraundal rannsóknarlögreglumannni, sem var með leitarhundinn við húsleitina og hafði tekið efnin, þar sem hundurinn fann þau. Þá var gerð vettvangskönnun að Austurgötu 27 B, Hafnarfirði, og var Ari Þorsteinsson þar látinn benda á og sýna, hvar hann kom fíkniefnunum fyrir. Voru teknar ljósmyndir af þessu bæði úti og inni. Þá var Þorsteinn Hraundal rannsóknarlögreglumaður látinn sýna, hvar hann hafði fundið efnin, og teknar ljósmyndir af því. Þá var aflað vottorðs Veðurstofu Íslands um veður til kl. 6.00 13. apríl 1996.

Af þessu tilefni gáfu ákærði og Ari Þorsteinsson aftur skýrslur hér fyrir dómi, einnig Þorsteinn Hraundal og Herbjörn Sigmarsson, sem rannsóknarlögreglan hafði tekið skýrslu af.

Í skýrslu Ara Þorsteinssonar hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins hér fyrir dómi kom þetta m. a. fram: Hann játaði nú að hafa notað fíkniefni, hass og amfetamín, nokkur ár, en þó með einhverjum hléum. Hann kvaðst hafa selt fíkniefni, en ekki árið 1996. Ekki vildi hann tjá sig um það, hvernig hann útvegaði sér þau fíkniefni, sem hann heldur fram, að hann hafi átt og geymt heima hjá ákærða. Fram kom, að hann hafði keypt þau, en var ekkert farinn að borga fyrir þau. Hann hafi verið nýbúinn að fá þau, tveimur dögum áður en mál þetta kom upp, og átt eftir að skoða þau almennilega, en þetta hafi átt að vera um 180 g af amfetamíni og um 120 g af hassi. Hann kvaðst aðeins hafa geymt fíkniefni í þetta eina skipti heima hjá ákærða, og hafi það verið án hans leyfis og vitundar. Anna hafi ekki heldur vitað af þessu né neinn annar. Hann kvaðst hafa verið heima hjá ákærða föstudagskvöldið 12. apríl 1996. Hann mundi ekki nákvæmlega, hvenær hann hafði komið eða

hve lengi verið þar, en kvaðst hafa farið um miðnætti. Hann hefði komið fótgangandi, og hefðu þá a. m. k. verið heima ákærði, Anna, kona hans, og svo Herbjörn Sigmarsson, sem hann kannaðist lítillaga við og hafði áður hitt nokkrum sinnum heima hjá ákærða. Hann minntist þess ekki að hafa talað við Herbjörn þarna. Fram kom hjá Ara, að hann hefði sýnt ákærða tveimur dögum áður, að hann ætti framangreinda plötu af hassi, og hann falast eftir því að fá af því. Ákærði kvaðst þarna um kvöldið hafa brotið hassplötuna í sundur og fengið ákærða annan helminginn og verið svo um samið, að ákærði greiddi sér síðar í sama. Ekki kvað hann Herbjörn hafa séð, er hann afhenti ákærða hassið. Hann kvaðst halda, að hann hefði vafið hassinu, sem hann afhenti ákærða, í glæra plastfilmu. Hann kvað ákærða samt ekki hafa vitað, að hann geymdi hinn hluta hassins og amfetamínið í kjallaranum hjá honum, þar sem hann var að vinna. Hann vissi ekki, hvað ákærði ætlaði að gera við hassið. Þeir ákærði og Herbjörn hefðu farið akandi á Benz-bifreið ákærða um miðnætti, en þá kvaðst Ari hafa farið aftur niður í kjallara, þar sem hann hefði gengið frá einhverju drasli, sem hann var með. Hann hefði svo farið upp aftur á efri hæð hússins til að þrifa sig, en þar hafi enginn verið sjáanlegur og Anna því líklega verið farin að sofa. Hann hefði haft með sér poka með blautu amfetamíni og farið með hann inn í herbergi inn af stofunni og sett pokann þar á ofninn, þannig, að loftaði um efnið, sem hann hefði ætlað að þurrka. Hann kvaðst hafa troðið pokanum ofan á og inn fyrir ofninn vinstra megin og pokinn verið eitthvað opinn, svo að loftaði um efnið. Pokinn hefði verið eins og sælgætispoki, en þó stærri en venjulegur sælgætispoki og ólitaður, en þeir séu oftast grænir. Ekki gat hann skýrt það, hvers vegna efnið var blautt. Hann var ekki heldur viss um, hvort það hefði verið í einföldum eða tvöföldum poka. Hann kvaðst hafa ætlað að hafa efnið þarna á ofninum fram til mánudags. Með hin fíkniefnin kvaðst hann hafa verið, sem fyrr segir, niðri í kjallara og því farið aftur niður að sækja þau, þ. e. hinn helminginn af hassplötunni og það, sem eftir var af amfetamíninu. Hann kvaðst hafa tekið einhvern poka með einhverju drasli í, troðið fíkniefnunum ofan í hann, farið með hann út og komið honum fyrir í horninu á garðinum. Hann hefði verið að fara til Reykjavíkur og ekki viljað þvælast með þetta með sér og ekki heldur fara inn í húsið að sækja það og því geymt það úti í garði. Hann lýsti, hvernig hann hefði látið pokann með fíkniefnunum alveg upp í hornið á lóðinni fyrir ofan húsið að vestanverðu og þar falið hann undir spýtnabraki og öðru dóti, sem hann hefði fundið þar hjá. Var hann þá látinn lýsa umbúðunum utan um fíkniefnin. Hann kvað hassið hafa verið í plastpoka með rennilás. Amfetamínið, sem hann geymdi í kjallaranum, kvað hann ekki hafa verið

sama efnið og hann fór með upp á efri hæð hússins til þurrkunar. Það hefði ekki verið blautt, en hugsanlega rakt. Að öðru leyti gerði hann ekki greinarmun á amfetamíninu. Það hefði aðallega verið í þessum tveimur pokum og svo pínulítið amfetamín laust í einum poka. Hann kvað allt amfetamínið hafa verið við það að verða hvítt eða orðið hvítt. Hassið kvað hann ekki hafa verið í neyslupakkningum og kannaðist ekki við að hafa bútað það niður né hlutað amfetamínið niður í smærri einingar. Hann kvað það hafa verið í innkaupapoka, sem hann lét fíkniefnin í, áður en hann fór með þau út í garð. Hann mundi, að í honum hefði verið einhver svipa, en gat ekki lýst öðrum munum, sem í pokanum voru, og kvaðst ekkert hafa verið að „pæla í því“, hvað í honum væri. Hann var ekki í fyrstu viss um, hvort hann hefði verið berhentur eða með hanska, er hann setti efnin í pokann, en taldi svo víst, að hann hefði ekki verið með hanska. Hann kvaðst hafa talað við ákærða, nokkru eftir að hann slapp úr haldi, og hann þá ekki minnst á það við ákærða, að hann ætti þau fíkniefni, sem fundust á heimili hans og í garðinum. Hann kvað ákærða ekki heldur hafa talað um þessi fíkniefni við sig, heldur aðallega verið að velta því fyrir sér, hvort Anna Katrín væri að koma sér í eitthvert klandur. Hann kvað ákærða einhvern tíma hafa ýjað að því, að hann ætti efnin, en aldrei gengið á hann um það eða sakað hann um að eiga þau.

Hann taldi hafa verið myrkur, er hann var að koma efnunum fyrir úti í garði, en mundi það þó ekki gjörla, og kvað það varla hafa verið mikið myrkur. Hann taldi hafa verið ágætisveður og ekki verið rigning.

Vitnið Þorsteinn Þorsteinsson Hraundal rannsóknarlögreglumaður, Þormóðsdal, Mosfellsbæ, kt. 170449-4019, kvaðst hafa farið í húsleitina að Austurgötu 27 B, Hafnarfirði, með leitarhundinn Púka og hundurinn fundið fíkniefni á eftirtöldum stöðum:

Hassmoli, falinn inni í lampa, sem var á náttborði í svefnherbergi á ris-hæð. Rífa hafi orðið lampann í sundur til að ná hassmolanum. Hann mundi ekki, hvort molinn var pakkaður í plast eða ekki, enda hefði hann ekki tekið hann úr lampanum.

Amfetamín, sem falið var bak við miðstöðvarofn í herbergi inn af stofunni á miðhæð hússins. Um hafi verið að ræða glæran plastpoka með töluverðu af hvítu dufti, sem vafið hafi verið saman í stóra kúlu og síðan troðið niður á bak við miðstöðvarofninn vinstra megin. Hann kvað pokann hafa verið hægra megin við festinguna, sem ofninn er hengdur upp á, og að hluta til undir henni.

Fíkniefni úti í garði.

Úti í garði bak við húsið hafi leitarhundurinn fundið plastpoka með ein-

hverjum merkingum á, sem hann mundi ekki, hverjar voru. Hann kvað hundinn hafa fundið pokann vinstra megin í garðinum, þegar horft er upp í garðinn frá bílastæði hússins, og hann verið falinn þar undir kletti. Hann kvað pokann hafa verið í holu, sem hefði verið grafin undir klettinn, og spýta verið sett ofan á hann. Hann hefði tekið pokann upp úr holunni og gáð í hann og séð, að í honum voru skeiðar og alls konar dót. Einnig hefði verið hvítt duft í poka og brún plata, sem hann taldi vera hass. Hann kvaðst hafa skoðað þetta lauslega og svo afhent pokann lögreglumönnum, sem voru á staðnum, með því, sem í honum var. Hann treysti sér ekki til að lýsa sérstaklega umbúðunum utan um fíkniefnin, en taldi, að verið hefði glær plastpoki utan um efnið, sem hann taldi vera amfetamín. Hann taldi efnið, sem fannst á bak við ofninn, hafa verið í plastpoka, eins og fáist í verslunum og séu kallaðir nestispokar. Hann kvað pokann ekki hafa sést, eins og hann var falinn, þó að staðið væri á gólfinu framan við ofninn, heldur hafi þurft að fara til hliðar við ofninn vinstra megin og horfa á hliðina á honum til að sjá þetta.

Við vettvangskönnunina að Austurgötu 27 B var Ari Þorsteinsson beðinn að benda á og sýna, hvernig hann faldi fíkniefnin, en Þorsteinn Hraundal var látinn sýna, hvar hann hafði fundið þau, og voru þetta sjálfstæðar kannanir, þannig, að annar aðilinn fylgdist ekki með hinum. Við könnunina var notaður saman vafinn tómur plastpoki, sem þeir áttu að setja á staðinn, þar sem fíkniefnunum hafði verið komið fyrir. Setti Ari pokann bak við ofninn í herberginu inn af stofunni, og stóð hann talsvert upp fyrir brún ofnsins, er Ari hafði komið honum fyrir. Á þann hátt kvaðst hann hafa komið pokanum með fíkniefnunum fyrir hálfopnum til að þurrka amfetamínið, sem í honum var.

Þorsteinn setti pokann á bak við sama ofn og nálægt vinstri brún hans, þegar horft er framan á hann. Hann tróð plastpokanum vel niður með ofninum og þvingaði hann meðfram ofnfestingunum vinstra megin.

Ari setti svo pokann niður í garðinn innst á lóðinni vinstra megin, þegar horft er upp að húsinu frá Austurgötu. Staðurinn var fast upp við steyptan girðingarvegg á lóðamörkum. Sagðist hann hafa lagt eitthvert drasl ofan á pokann, sem geymdi fíkniefnin.

Þorsteinn benti á felustaðinn í sama horni lóðarinnar og Ari, en 2 – 3 metra frá felustað Ara. Hann setti pokann í grunna gjótu fast upp við hraunjaðar og sagði, að ofan á hefði legið ein lítill spýta.

Ljósmyndir voru teknar af þessum stöðum og af því, hvernig þeir Ari og Þorsteinn komu pokanum fyrir. Hafa þeir hvor um sig borið um þessa lýsingu og ljósmyndir, að því er varðar þá hvorn um sig.

Tæknideild Rannsóknarlögreglu ríkisins tók og litmyndir af fíkniefnum eftir flokkun, þar sem þau eru merkt miðað við efnaskrá lögreglu, og hafa myndirnar verið lagðar fram í málinu.

Í vottorði Veðurstofu Íslands kemur fram, að 12. apríl 1996 kl. 24.00 var lítils háttar rigning og veðurhæð A-6 vindstig, kl. 3.00 13. apríl 1996 rigning síðustu þrjár klst. og veður A-3 vindstig (mest 6) og 13. 4. 1996 kl. 6.00 rigning síðustu sex klst., veðurhæð A-4 vindstig.

Með ákærða var, sem fyrr greinir, handtekinn Herbjörn Sigmarsson matreiðslumaður, Grettisgötu 110 B, Reykjavík, kt. 141163-5239, sem og var grunaður um fíkniefnabrot. Var hann látinn gera grein fyrir ferðum sínum umrætt sinn. Í skýrslu, sem hann gaf hjá lögreglunni í Reykjavík 13. apríl 1996, kvaðst hann hafa hitt ákærða af tilviljun í miðbæ Hafnarfjarðar, nokkru áður en þeir voru handteknir. Hefði þeim talast svo til, að ákærði æki sér til Reykjavíkur, og þeir verið á þeirri leið, er þeir voru handteknir. Hann var spurður, hvort hann hefði komið á heimili ákærða um nóttina, eftir að þeir hittust, en áður en lagt var af stað til Reykjavíkur, og neitaði hann að svara því. Í skýrslu, sem Herbjörn gaf hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 15. janúar sl., kom fram, að hann hefði verið undir talsverðum áfengisáhrifum þetta kvöld eða nótt. Hann sagði nú, að hann hefði farið heim til ákærða eftir fund þeirra í miðbæ Hafnarfjarðar. Ekki mundi hann eftir því, hverjir hefðu verið heima hjá ákærða né hvar hann hefði verið í húsinu, meðan hann dvaldist þar, og bar fyrir sig ölvun. Hann mundi og ekki, hvort hann hefði hitt Ara Þorsteinsson heima hjá ákærða þetta kvöld né hvenær þeir ákærðu hefðu farið að heiman frá ákærða þessa nótt. Hann vissi ekki, hvort Ari hefði verið í húsinu hjá ákærða, er þeir fóru, og ítrekaði, að hann minntist þess ekki að hafa hitt Ara þar. Við skýrslutöku hér fyrir dómi 6. mars sl. kvaðst hann hafa komið við á heimili ákærða umrædda nótt og verið ölvaður. Hann minnti þá, að Ari hefði verið þar, en minntist þess ekki að hafa talað við hann. Hann kvaðst hafa farið aðeins inn, en mundi ekki, hvert hann fór inn í húsið, en hélt helst, að hann hefði verið í anddyrinu eða eldhúsinu. Hann mundi ekki í fyrstu, hvar hann hefði séð Ara í húsinu, en minntist þess nú helst að hafa séð honum bregða fyrir á gangi eða í eldhúsi. Hann mundi ekki, hvort ákærða og Ara hefði farið eitthvað á milli, og minntist þess ekki sérstaklega, að þeir hefðu talað saman. Hann var þess þó ekki fullviss, að Ari hefði verið heima hjá ákærða þetta kvöld, kvaðst þó oft hafa hitt hann þar, en gæti verið að rugla saman kvöldum.

Ekki var hann viss um, hve lengi var dvalist hjá ákærða, en þaðan verið farið til Reykjavíkur. Þá minntist hann þess ekki, að þeir hefðu farið neitt annað, áður en ekið var að vegarslóðanum hjá Víflsstöðum.

B. Skotvopnalagabrot.

Við húsleit, sem fram fór á heimili ákærða 10. febrúar sl., var lagt hald á þau skotvopn, riffilskot, skothylki, byssustingi, sverð og fingrajárn, sem greind eru í ákæru, merktri dskj. nr. 10. Lögreglan í Hafnarfirði gerði skrá um þessa muni, og er talnaröðinni þar einnig fylgt í ákæru. Ákærði hefur ekki byssu- eða skotvopnaleyfi, en hafði sótt um slíkt leyfi. Fram kemur í skýrslu lögreglunnar um húsleitina, að skotvopnin, sem greind eru nr. 1 – 17 í I. kafla ákæru, og byssustingirnir hafi hangið á veggjum í sjónvarpsherbergi eða skála hússins að Austurgötu 27 B, en riffilskotin, skothylkin og fingrajárnin verið í skrifborðsskúffu og í skrifborði, sem var í skálanum undir glugga, en sverðin í bílskúrnum.

Ákærði hefur viðurkennt að eiga alla þessa muni nema fingrajárnin, sem kona sín eigi. Hann hefur gert grein fyrir því, hvernig hann er kominn að þessum gripum, og kveðst hafa erft eftir afa sinn, Guðmund Jóhannsson, byssur nr. 1, 3, 4, 13, 15 og 17 og svo byssustingina.

Byssur nr. 5, 6, 7 og 8, 12, 14 og 15 kvaðst hann hafa fengið gefins í byssusafn sitt. Fjárbyssur, merktar nr. 2 og 9, kvaðst hann hafa fundið, aðra á gömlu sveitabúi, en hin, sem væri safngripur, væri búin að vera í sinni eigu í langan tíma, og mundi hann ekki, hvaðan hún var. Byssu nr. 7 kvaðst hann vera safngrip frá 17. öld og hafa keypt hana á uppboði í Svíþjóð. Hin sverðin, sem talin eru upp í III. kafla ákæru, nr. 23 – 27, kvaðst hann ýmist vera gömul eða eftirlíkingar af sverðum, sem hann hefði verið búinn að láta út í bílskúr, þar sem hann taldi þau einskis virði sem safngripi. Hann kvaðst byssusafnið hins vegar vera sér mjög dýrmætt og vita, að í því væru mikil verðmæti.

Riffilskotin og skothylkin, sem getið væri um í II. kafla ákæru, kvaðst hann vera eign Guðjóns Péturssonar, Drápuhlíð 32, Reykjavík, en þau orðið eftir í bifreið sinni og hann tekið þau til handargagns og geymt í skrifborðsskúffu, sem hefði verið læst. Hann kvaðst allar byssurnar og byssustingina hafa verið safngripi, sem hangið hefðu uppi á vegg hjá sér sem safn. Það hefði verið tómstundagaman hjá sér að safna þessu. Hann kvaðst hafa lesið sér til um slíka gripi og haft gaman af að fylgjast með sögum um þá. Kvaðst hann hafa átt suma gripina í um 30 ár. Aldrei kvaðst hann hafa skotið úr þessum byssum og ekki talið neina hættu stafa af þeim. Byssurnar hefði hann fest upp á vegg á þar til gerða króka, en þær ekki verið í læstum festingum, enda óvirk vopn. Hann kvaðst hugsanlega vera unnt að skjóta úr einni byssunni, sem merkt væri nr. 6, Valmet-skammbýssa (kindabyssa). Flestar hinar taldi hann vera óvirkar eða ónýtar og ekki vita, hvort unnt væri að gera við þær, og kvaðst ekki hafa í hyggju að láta gera það, enda

hefðu þær aðeins gildi sem safngripir fyrir sig. Kvaðst hann hafa sótt um safnaraleyfi fyrir þessum skotvopnum, en ekki fengið. Sverðin kvaðst hann hafa keypt flest á Spáni, og fengjust sams konar sverð hér í búðum. Hann kvaðst aldrei hafa verið kærður hér á landi fyrir ólöglega meðferð skotvopna, en skotvopnaleyfi, sem hefði verið sótt um, hefði verið vegna skotvopna, sem hann hefði ætlað að nota við rjúpna- og gæsaveiðar.

Um þessar byssur báru vitnin Jón Sigurður Ólason lögreglumaður, Esjugrund 13, Kjalarnesi, kt. 091060-3299, og Agnar Guðjónsson byssusmiður, Byggðarholti 3 B, Mosfellsbæ, kt. 070853-8179, en vitnin höfðu skoðað byssurnar hér í réttinum.

Vitnið Jón Sigurður kvaðst hafa almennt meiri þekkingu á skotvopnum en gengur og gerist og styðjast þar mest við eigin reynslu, en einnig hafa stundað nám í bréfaskóla í minni háttar byssuviðgerðum. Hann hefði kennt meðferð skotvopna, bæði hjá lögreglu og á námskeiðum fyrir almenning. Vegna þekkingar sinnar á skotvopnum hefði hann verið fenginn til að fara í húsleitina að Austurgötu 27 B með lögreglunni í Hafnarfirði og verið með í að leggja hald á þær byssur, sverð o. fl., sem talið væri upp í skrá Ólafs Emilssonar varðstjóra. Hann kvað byssurnar hafa verið til sýnis uppi á vegg á heimili ákærða. Eftir skoðun hefði hann lagt á byssurnar almennt mat, en til að geta fullyrt nákvæmlega um þær, þurfi að gera nákvæmari athuganir. Hann taldi byssur nr. 1, 4, 7, 8, 13, 14 og 15 vera virkar, en byssur nr. 2, 9, 10 og 16 trúlega vera ónýtar. Hann kvað tæpast vera unnt að gera við byssu nr. 17, þekkingu vantaði um byssu nr. 11 og byssu nr. 12 vera til að framleiða hvell og blossa, en tæplega til að skjóta skotum. Hann kvað vanta búnað til að gera við byssu nr. 3, en taldi rennismið geta smíðað hann. Byssu nr. 5 kvað hann bilaða, en hún hefði allt, sem til þyrfti, og byssa nr. 6 gæti orðið virk eftir minni háttar viðgerð. Hann vissi ekki, hvernig gengið væri frá skotfærunum, þar sem hann hefði ekki fundið þau. Þá kvað hann allar byssurnar nr. 1 – 17 nema 12 vera skotvopn. Þó var hann ekki viss um Mauser-riffilinn, merktan nr. 16, sem hugsanlega hafi verið framleiddur sem eftirlíking; það þyrfti að skoða betur. Hann kvað mjög afstætt, hvenær byssa væri safngripur, og væri það vandamál í dómsmálaráðuneytinu, hvenær telja ætti byssu safngrip, en safnaraleyfi væru gefin út af embætti lögreglustjóra í samráði við ráðuneytið. Hann kvað virk vopn geta verið safngripi, og verðmæti safngrips væri minna, ef hann væri óvirkur. Einhver safnaraleyfi hefðu verið veitt, en allt væri þó í lausu lofti um framkvæmd á þessu.

Agnar kvaðst leggja það mat á byssur nr. 1 – 17 eftir skoðun, að aðeins ein væri virk, svo að hugsanlega mætti skjóta úr henni; væri það byssa nr. 6. Hann kvað flestar byssurnar hafa verið framleiddar upprunalega sem skot-

vopn, en meiri hluti þeirra væri frá fyrri öld. Taldi vitnið þær vera safngripi, ef menn hefðu sögu þeirra. Hann kvað haglabyssuna upphaflega hafa verið Mauser-rifill frá 1884, en verið breytt í haglabyssu. Væru byssusmiðir beðnir að gera ekki við slíkar byssur, þar sem þær gætu verið hættulegar, þó að í lagi væru.

Til að leggja mat á byssurnar kvaðst hann þurfa að skoða þær mun betur. Vitnið var dómkvatt til að skoða byssurnar nr. 1 – 17 og meta þær með hliðsjón af því, hvort þær gætu talist skotvopn í skilningi 1. gr. laga nr. 46/1977 og hvort unnt væri að gera þær virkar og hvað þyrfti þá til.

Vitnið skilaði um þetta matsgerð, sem það hefur staðfest, og er svohljóðandi:

„Byssa nr. 14:

Remington, model 1867, einskota, cal. 45-70, nr. 14075. Hlaupið er ónýtt vegna tæringar; byssan er ætluð fyrir svart púður. Ég myndi ætla, að þetta væri safngripur eingöngu. Til að gera byssuna virka þarf nýtt hlaup og fleira, sem ekki er hægt að fá.

Byssa nr. 17:

Rifill síðan 1854, cal. 40, einskota, ónýtur safngripur.

Byssa nr. 16:

Gamall framhlaðningur, eingöngu safngripur, sem ekki er hægt að koma í lag, einskota.

Byssa nr. 5:

Needle Gun, model 1840, nr. 4199. Þessi byssa var upphaflega rifill, en síðar breytt í haglabyssu um síðustu aldamót, einskota; eingöngu safngripur.

Byssa nr. 1:

Belgískur einskotarifill, cal. 5,4 mm, ca. 1840-1860, ónýtt hlaup og byssan óvirk; eingöngu safngripur.

Byssa nr. 15:

Remington, cal. 32, nr. 64145, framleidd um 1920-1940. Rifillinn er ónýtur og ekki hægt að gera upp, því að ekkert fæst í hann, fimm skota.

Byssa nr. 13:

Remington, model 1867, cal. 45-70, nr. 17805. Hlaup ónýtt, ekki hægt að fá varahluti, einskota.

Byssa nr. 3:

Stevens, cal. 22, nr. S 746; alónýtt, safngripur.

Byssa nr. 4:

Haglabyssu, yfir-undir, belgísk, 9 mm haglaskot, framleidd hugsanlega um aldamót; ónýtt, safngripur.

Byssa nr. 9:

Remington, framl. 1910, cal. 22, einskota, ónýt.

Byssa nr. 2:

Gömul belgísk kindabyssa, cal. 22, ónýt, safngripur.

Byssa nr. 10:

Belgísk stæling af model 5 Smith-Wesson, cal. 38, ónýt.

Byssa nr. 8:

Belgísk kindabyssa, einskota, cal. 22, ónýtt hlaup, safngripur, smíðuð fyrir aldamót.

Byssa nr. 12:

Leikfang, óvirk.

Byssa nr. 7:

Belgísk kindabyssa, cal. 22, smíðuð upp úr aldamótum, ónýt.

Byssa nr. 11:

Seglas-London, framhlaðningur, síðan um 1700-1800, safngripur.

Byssa nr. 6:

Valmet nr. 16040, cal. 22, einskota kindabyssa, í lagi, var upphaflega riff-ill, sem breytt var í kindabyssu.

Allar þessar byssur nema nr. 12 og 18 hafa verið framleiddar sem skot-vopn í upphafi, en ástand þeirra er mjög slæmt og varahlutir ófánlegir, og met ég þetta eingöngu sem safngripi.

Fagmaður gæti smíðað flesta varahluti í byssurnar, en það myndi kosta verulegar fjárhæðir, og yrði þá um nýskráningu að ræða, ef farið yrði í svo miklar framkvæmdir.“

II. Álit réttarins.

Um I – A. Fíkniefni.

1. Með játningu ákærða og öðrum rannsóknargögnum er sannað, að hann var með í vörslum sínum 50,5 g af hassi og 1 g af amfetamíni, er hann var handtekinn við bifreið sína 13. apríl 1996, sbr. I. kafla ákæru, dskj. nr. 2. Ákærði hefur borið, að hann neyti lítið eða ekkert fíkniefna. Framangreint magn af hassi er langtum meira en tíðkast, að menn séu með til einkanota, og að auki er ákærði með amfetamínið í sölupakkningum. Þykir ekki sennilegt, að ákærði hafi ætlað þessi efni til einkaneyslu, heldur má telja víst, að þau hafi verið ætluð til sölu í ágóðaskyni.

2. Við frumrannsókn málsins vildi ákærði ekki í fyrstu tjá sig um þau fíkniefni, sem fundust á heimili hans og við það, er húsleitinn fór þar fram. Eftir að honum hafði þá verið bent á, að hassplatan, sem hann var með við handtöku, hefði fallið að hassplötunni, sem fannst við húsleitina úti í garði, kvaðst hann taka á sig að eiga fíkniefnin, sem fundust við húsleitina, en hafa m. a. orðað þetta þannig til að komast hjá því að verða úrskurðaður í

gæsluvarðhald. Ef sú fullyrðing ákærða hér fyrir dómi væri rétt, að hann hefði fengið hassplötuna rétt áður frá Ara, hefur hann vitað þarna, áður en honum var sleppt, hver var eigandi eða umráðamaður þeirra efna, sem höfðu fundist við húsleitina. Væri þá ljóst, að hann þyrfti þá ekki að vera að velkjast í neinum vafa um þetta eða jafnvel gefa í skyn, að kona sín væri að koma honum í vanda, svo sem fram kemur í gögnum málsins. Það verður að teljast með ólíkindum, ef ákærði hefði ekki við þessar aðstæður sakað Ara strax um að eiga fíkniefnin, heldur látið hjá líða fram yfir útgáfu ákæru að draga Ara inn í málið.

Ákærði hefur samt haldið því fram í málinu, að hann hafi ekki vitað, hver átti efnin, og tekið á sig að eiga þau, meðan hann væri að komast til botns í því. Vísast um þetta til framburðar Ara Þorsteinssonar til sönnunar því, að það væri rétt, að hann hefði tekið á sig sök fyrir annan.

Margt er athugavert við framburð og játningu ákærða á sök hér fyrir dómi, sem nú verður nánar vikið að.

Er Ari gaf fyrst skýrslu hér fyrir dómi og játaði á sig sök, var liðinn tæpur mánuður, frá því að málið var þingfest og ákærði hafði kynnt sér fram lögð skjöl.

Framburður Ara var að miklu leyti í samræmi við fram lögð rannsóknargögn, en er farið var að spyrja hann nánar um einstök atriði varðandi ætluð brot, kom fram mikið misræmi, svo sem nú skal greint, og ýmislegt ósenni-legt.

1. Í húsleitarskýrslu Páls Sigurðssonar lögreglumanns kemur fram, að plastpokinn með ýmsum munum og ætluðum fíkniefnum hafi verið falinn undir grjóti og timbri í suðvesturhorni garðsins, og lýsir Ari á svipaðan veg, hvernig hann gekk frá poka með fíkniefnum o. fl. Páll hafði þó ekki séð felustaðinn og hlaut að hafa þetta eftir öðrum, og gætir þarna ónákvæmni. Vitnið Þorsteinn Hraundal, sem fann felustaðinn með aðstoð leitarhunds, lýsti honum þannig, að pokinn hefði verið í holu, sem grafin var undir klett, og ein spýta ofan á og ekkert annað.

2. Lýsing Ara á því, hvernig hann hefði gengið frá fíkniefnunum, samrýmist engan veginn því, hvernig þau voru, þegar þau fundust, sbr. vettvangskonunn og myndir. Þannig kveðst Ari ganga frá amfetamíninu, sem hann setti á ofninn, í því skyni, að hann ætlaði að þurrka það, og átti pokinn með því að liggja að hluta ofan á ofninum og sjást, er horft var framan á ofninn. Hins vegar fannst það þannig, að því var troðið á bak við ofninn og þannig falið, að það sást ekki, nema komið væri upp að útveggnum og litið til hliðar á ofninn.

Staðurinn, sem hann kvaðst hafa falið innkaupapokann með fíkniefn-

unum í og fleira dóti, er 2 – 3 metra frá þeim stað, sem efnið fannst, þar sem hann var í holu og undir einni spýtu, en Ari kvaðst ekkert hafa grafið efnið niður, heldur falið undir spýtnabraki og öðru dóti.

3. Tímasetning Ara stóðst ekki. Hann er óviss í þeim framburði sínum, hvenær hann hafi komið til ákærða um kvöldið og hve lengi hann hafi dvalist þar, en er viss um að hafa farið þaðan um miðnætti, eftir að ákærði og Herbjörn höfðu farið þaðan í bifreið ákærða. Ákærði og Herbjörn voru handteknir kl. 2.40, eftir að ekið var beint frá heimili ákærða að Vífilsstöðum, og samkvæmt því hefur hann farið frá ákærða um kl. 2.30.

4. Ari var óviss um birtuskilyrði á þessum tíma og kvað veðrið hafa verið ágætt og enga rigningu, en samkv. vottorði Veðurstofu Íslands var rigning á þessum tíma í Reykjavík og vindur 3–6 stig.

5. Lýsing Ara á fíkniefnum, sem hann kvaðst hafa gengið frá úti í garði, er engan veginn rétt. Hann kvað hassplötuna hafa verið í einum poka og amfetamínið í öðrum og svo pínulítið amfetamín í hinum þriðja. Ekki kannaðist hann við að hafa bútað hassið niður eða hlutað amfetamínið í smærri einingar og kvað efnin ekki hafa verið í neyslupakkningum, en af ljósmyndum tæknideildar RLR af þessum efnum, sem voru í innkaupapokanum, sjást sex neyslueiningar af hassi og sjö af amfetamíni.

6. Ari gerði ekki greinarmun á amfetamíninu og kvað það hafa verið hvítt eða við það að vera hvítt. Af ljósmyndum tæknideildar RLR, sem er í lit, er ljóst, að mestur hluti amfetamínsins í innkaupapokanum var gult og skar sig úr frá öðru amfetamíni, sem lagt var hald á.

7. Í innkaupapokanum, sem Ari sagðist hafa sett fíkniefnin í, var töluvert af skartgripum, silfurmunum, skrautsteinum, úrum o. fl., og heldur ólíklegt, að Ari hafi aðeins veitt athygli einni svipu.

8. Ari var atvinnulaus og hafði litlar tekjur, og er heldur ólíklegt, að hann hafi haft fjárhagslegt bolmagn til að eiga svo mikið magn fíkniefna eða verið treyst fyrir því.

9. Skýring Ara á því, hvers vegna hann hafi flutt fíkniefni úr læstum kjallara út í garð, þar sem hver sá, sem átt hefði þar leið um, hefði getað hirt þau, er afar ótrúleg, og er líklegra, að um skyndiúrræði hafi verið að ræða, eftir að grunur hafði komið upp um, að ákærði gæti verið í gæslu, en frá handtöku að húsleit liðu um tíu klukkustundir.

Framburður ákærða þykir og óskýr og óljós um fleiri atriði.

10. Herbjörn Sigmarsson þykir hafa orðið margsaga um atvik umræddrar nætur, og er framburður hans svo óstöðugur og óljós, að hann verður ekki talinn vera því til styrktar, að Ari hafi verið á heimili ákærða umrædda nótt, og telst það óvíst.

Pegar virt er allt það, sem nú er rakið, þykir framburður Ara ekki standast, og er hann metinn sem markleysa og ekki byggt á honum í málinu.

Við sönnunarmat í málinu verður því við það miðað, að framburður Ara hafi ekki komið til.

Með vætti Hákonar Birgis Sigurjónssonar, Þorkels Jóhannessonar prófessors og rannsóknargögnum er sannað, að hassplata sú, sem ákærði var með við handtökuna, var helmingur þeirrar hassplötu, sem fannst falin í garðinum hjá ákærða. Þá þykir matsgerð Þorkels Jóhannessonar prófessors, nr. 1684, sem hann hefur staðfest hér fyrir dómi, veita mjög sterkar líkur til, að amfetamínið, sem ákærði var með við handtöku, og amfetamínið, sem falið var og fannst á bak við ofninn í herberginu inn af stofunni í húsi ákærða, sé efni af sama uppruna, þó að fyrrgreinda efnið kunni að hafa verið blandað frekari íblöndunarefnum til drýginda. Fíkniefnin, sem fundust við húsleitina, voru á stöðum, sem ákærði hafði fullt umráð yfir, og hann hefur ekki getað tilgreint neinn annan sem sannanlegan eiganda eða umráðamann þeirra. Þegar þetta er virt og sú játning ákærða hjá lögreglu, að hann taki á sig að eiga þessi fíkniefni, þykir komin lögfull sönnun um, að ákærði hafði efnin í vörslum sínum. Þá þykir og, þegar litið er til þess mikla magns, sem fannst, og hluti þess í sölupakkningum, ekki fara á milli mála, að efnin voru ætluð til sölu í ágóðaskyni.

Ákærði þykir með þessu athæfi hafa gerst brotlegur við þau refsíákvæði, sem greind eru í ákæru, merkttri dskj. nr. 2, og þar eru rétt heimfærð til laga.

B. Skotvopn, skotfæri o. fl.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa haft í vörslum sínum á heimili sínu þær byssur, skotfæri, byssustingi, sverð o. fl., sem talið er upp í ákæruskjali, merktu dskj. nr. 10. Hann hefur þó haldið því fram, að byssurnar, sem taldar eru upp í I. kafla ákæru, lið 1–17, séu óvirkar og sumar ónýtar og geti ekki talist skotvopn í merkingu laga nr. 46/1977, heldur séu þetta eingöngu safngripir. Vitnisburður Jóns Sigurðar Ólasonar lögreglumanns og Agnars Guðjónssonar byssusmiðs eftir skoðun á byssunum hér í dómi styður að vissu marki fullyrðingar ákærða, en þar til taldi þó Jón Sigurður sjö byssur geta verið virkar, en Agnar einungis eina, en báðir töldu, að rannsaka þyrfti byssurnar betur til að fullyrða um þetta. Dómurinn kvaddi þá Agnar til að skoða byssurnar betur og meta, hvort þær gætu talist skotvopn í skilningi laga nr. 46/1977.

Samkvæmt mati Agnars, sem rakið er hér að framan, taldi hann aðeins eina byssuna virka, þannig, að unnt væri að hleypa úr henni skoti, byssu nr. 6. Hann taldi allar byssurnar nema nr. 12 hafa verið framleiddar í upphafi

sem skotvopn, en ástand þeirra væri slæmt og varahlutir í þær ófánlegir, og mat hann þær eingöngu sem safngripi. Hann tók fram, að fagmaður gæti smíðað flesta varahluti í byssurnar, en það myndi kosta verulegar fjárhæðir og yrði þá um nýskráningu að ræða, ef farið yrði út í svo miklar framkvæmdir.

Samkvæmt þessu verður að telja, að byssurnar, aðrar en nr. 6, séu óvirkar og hættulausir safngripir, og verður ákærði ekki talinn hafa brotið skotvopnalög og reglugerðir um meðferð skotvopna með því að vera með þau á heimili sínu án þess að hafa skotvopnaleyfi og án þess að hafa þau í læstum hirslum. Er hann sýknaður af kröfum ákæruvaldsins að þessu leyti.

Hins vegar þykir ljóst, að hann varð að hafa skotvopnaleyfi til að hafa byssu nr. 6 í vörslum sínum á heimili sínu, og hefur hann því gerst brotlegur við 1. mgr. 14. gr., sbr. 34. gr. laga nr. 46/1977, með því að hafa hana undir höndum án þess að hafa tilskilin leyfi.

Þá er og fram komið, að hann var ekki með byssuna í læstri hirslu né riffilskotin og skothylkin, sem greind eru í II. kafla ákæru. Þá er og ágreiningslaust, að byssustingir, sverðin og aðrir munir, sem taldir eru upp í III. kafla ákæru, falla að lýsingu um þau bitvopn o. fl., sem mönnum er óheimil eign á skv. reglugerð, 3. gr., nr. 474/1978. Ákærði hefur því gerst brotlegur við þau refsíákvæði, sem tilgreind eru í niðurlagi ákæru um byssu nr. 6, skotfæri, byssustingi o. fl. nr. 18–27 í III. kafla ákæru.

III. Refsingar o. fl.

Frá árinu 1966 hefur ákærði hlotið ellefu dóma, og eru flestir þeirra fyrir brot á fíkniefnalöggjöfinni, og auk þess hafa verið gerðar við hann nokkrar sáttir fyrir sams konar brot, þar sem honum hefur verið gert að greiða sektir. Síðasti dómurinn var kveðinn upp í Hæstarétti Íslands 8. júní 1989. Refsing sú, sem ákærði hefur hlotið alls fyrir brot á lögum um fíkniefni, nemur sex árum og þrem mánuðum í fangelsi og 334.900 kr. í sekt til ríkissjóðs. Við refsimat í málinu ber að líta til þessa sakaferils ákærða og þess, að telja verður, að ákærði hafi tafið nokkuð fyrir framgangi máls þessa, og þykir refsing ákærða með vísun til þessa og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í 25 mánuði.

Þá er fallist á, að samkv. 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1975 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986 verði gerð upptæk haldlögð fíkniefni í málinu, þ. e. 139,3 g af hassi, 253,5 g af amfetamíni, 6,7 g af marihuana og 1,2 g af hassblönduðu tóbaki. Samkvæmt 1. mgr. 35. gr. laga nr. 46/1977 ber að gera upptæka byssu nr. 6 í ákæru, þ. e. einskota Valmet-skammbyssu nr. 16040, 12 riffilskot og 13 skothylki, sem haldlögð voru í málinu.

Allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, sem

ákveðast 170.000 kr., og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Hilmar Ingimundarsonar hrl., sem ákveðast 210.000 kr. auk virðisaukaskatts, ber að dæma, að ákærði greiði að 5/6 hlutum, en að 1/6 hluta greiðist þau úr ríkissjóði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Franklín Kristinn Steiner, sæti fangelsi í 25 mánuði.

Upptæk eru gerð í ríkissjóð 139,3 g af hassi, 253,5 g af amfetamíni, 6,7 g af marihuana og 1,2 g af hassblönduðu tóbaki. Þá er og upptæk gerð einskota Valmet-skammyssa (fjárbyssa), nr. 16040, 12 riffilskot og 13 skothylki.

Ákærði greiði 5/6 hluta af öllum kostnaði sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 170.000 kr., og málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Hilmar Ingimundarsonar hrl., 210.000 kr., auk virðisaukaskatts, en 1/6 hluti kostnaðar greiðist úr ríkissjóði.
